



Skýrsla stjórnar fyrir 2022-2023



Trjásafnið á Stálpastöðum í Skorradal skoðað.

Nóvember 2023

Inngangur

Stofnfundur Skógarkvenna var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019. Markmið félagsins er þátttaka kvenna á öllum aldri innan allra sviða skógræktar, með áherslu á samheldni og samvinnu. Þessu verði náð með því að:

- Auka þátttöku kvenna í skógrækt, sem skógareigenda, starfsmanna, rannsakanda eða áhugamanneskju um skógrækt.
- Marka konum sess innan skógræktar.
- Vinna með almenningi, hinu opinbera og stofnunum, bæði innan skógræktar og utan hennar, að því að mál er lúta að konum og skógrækt séu sett á dagskrá.
- Vera tengslanet kvenna innan skógræktar.

Aðalfundur 2022 og stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins 2022 var haldinn 22. nóvember 2022, í fundarsal Skógræktarfélags Íslands og í fjarfundi. Samþykkt var ein breyting á lögum félagsins, um kosningu skoðunarmanns reikninga.

Úr stjórn átti að ganga Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og gaf hún ekki kost á sér áfram. Stungið var upp á Hraundísi Guðmundsdóttur í hennar stað. Ekki komu fram fleiri framboð og var Hraundís því sjálfkjörin. Fyrir voru í stjórn Ragnhildur Freysteinsdóttir og Sigríður Erla Elefsen. Björk Kristjánsdóttir var kosin sem varamaður. Sem skoðunarmaður reikninga var kosin Hrefna Einarsdóttir og til vara Anna Soffía Óskarsdóttir. Stjórn skipti með sér verkum á þá leið að Ragnhildur er formaður, Sigríður gjaldkeri og Hraundís ritari.

Starfsemi félagsins á starfsárinu

- Félagið stóð fyrir Konukvöldi í Vorverk laugardaginn 25. mars, þar sem félagskonum gafst kostur á að skoða það sem í boði er þar í góðra kvenna hópi.
- Systursamtök félagsins í Svíþjóð, Spillkrákan, fögnuðu 25 ára afmæli sínu þann 22. apríl með hátíðarsamkomu í Stokkhólmi. Engin úr stjórn átti kost á að mæta þar, en í staðinn var tekin upp afmæliskveðja (vídeó) sem send var þeim og mæltist hún mjög vel fyrir.
- Í samhengi við upptöku afmæliskveðju var farið í skógargöngu í Höfðaskógi í Hafnarfirði laugardaginn 15. apríl.
- Boðið var í heimsókn í skóginn að Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi, þar sem Anna Soffía Óskarsdóttir tók á móti skógarkonum og fræddi um skóginn og létu konur rigningu ekki stoppa sig í að njóta dagsins.
- Félagið stóð fyrir síðsumarferð í Skorradal laugardaginn 9. september 2023. Hist var í Hvammi í Skorradal og haldið þaðan að trjásafninu í Stálpastaðaskógi þar sem gengið var um og skoðað. Svo var endað á hressingu í Hvammi.
- Formaður hefur átt tvo fjarfundi með systursamtökum í Noregi og Svíþjóð, en löndin þrjú eru með viljayfirlýsingu um samstarf. Felst samstarfið meðal annars í sameiginlegum ráðstefnum. Var ráðstefna haldin í Svíþjóð 2019, með Spillkrákan sem gestgjafa. Kvinner í skogbruket í Noregi stóðu fyrir blandaðri ráðstefnu 2022, þar sem hist var á staðnum í löndunum þremur og streymt á milli landanna. Fyrirhugað er að næsta ráðstefna verði á Íslandi og er horft til þess að hafa hana á vefnum (rafræna), þar sem félagið hefur ekki fjárhagslega burði til að standa undir staðbundinni ráðstefnu.
- Formaður hefur setið í undirbúningsstjórn regnhlífarsamtaka félaga skógarkvenna, Women in Forestry International (WOFO), sem voru formlega stofnuð árið 2022 og gegnt þar stöðu ritara. Fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn í Kraká 27.-28. október síðast liðinn og sat formaður fundinn. Var hún þar formlega kosin í stjórn samtakanna.

Annað

Búið er að gera einfalda vefsíðu fyrir félagið. Notast er við Wordpress, ókeypis útgáfu, og er slóðin nú: <https://www.skogarkonur.wordpress.com>.



Skógurinn á Kaldárhöfða skoðaður í rigningu.



Þátttakendur á fyrsta aðalfundi WOFO. Auk þeirra sem voru á staðnum voru tugir með í fjarfundi.